

## Efni: Umsögn Isavia

Vísað er til umsagnarbeiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 21. febrúar sl. vegna tillögu til þingsályktunar um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. 152. mál.

Isavia hefur nú umsjón með fjórum flugvöllum á Vestfjörðum. Ísafjarðarflugvelli, Bíldudalsflugvelli, flugvellinum á Gjögri og Þingeyri. Athygli er vakin á að fjármagn til reksturs og fjárfestinga þeirra og annarra flugvalla innanlands er langt undir því sem félagið hefur talið nauðsynlegt.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar nefna þrjá valkosti sem eru:

1. Í austanverðum Dýrafirði, t.d. á Mýrarmel eða utan við Gemlufall.
2. Í norðanverðu mynni Skutulsfjarðar, t.d. við hraðfrystihús HG.
3. Í innanverðu Ísafjarðardjúpi, t.d. við Reykjanes.

Félagið bendir á að landfræðilegar aðstæður á Vestfjörðum bjóða ekki uppá marga valkosti í staðsetningu nýs flugvallar og að það hefur sjálft ekki lagt af stað í sérstakar rannsóknir eða mat á þessum valkostum en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

### 1. Dýrafjörður

Þingeyravöllur varð gerður upp árið 2007 og notaður sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð þó aðallega í S-A áttum. Að jafnaði lentu um 15-17 flug á ári af þeim 100 flugum sem falla niður árlega vegna veðurs á Ísafirði. Um miðjan vetur 2013 sporuðu 2 vélar Flugfélags Íslands sig niður úr slitlaginu og var vellinum af þeim sökum lokað í kjölfarið. Við sýnatöku úr flugbrautinni kom í ljós að of mikið fínefni og leir var til staðar. Eftir það hefur völlurinn verið lokaður yfir vetrartímam frá 15. okt til 1. júní og skilgreindur sem malarvöllur.

Svæðið í austanverðum Dýrafirði á Mýrarmel eða utan við Gemlufall liggur þvert á ríkjandi vindátt og aðflug í fjallendi Dýrafjarðar verður alltaf erfitt.

### 2. Mynni Skutulsfjarðar - Hraðfrystihús HG.

Veðurmælir nærri Hnífsdal var settur upp í kring um áramótin 2017 til 2018 í samvinnu Veðurstofu Íslands og Isavia. Kostnaður af uppsetningu og rekstri mælisins hefur verið greiddur af Isavia. Hann mælir raunvind, þ.e. vindhraða og vindátt sem er safnað á Veðurstofu Íslands. Það ætti að vera búið að safna um einu ári frá þessum stað. Í leiðbeiningum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), þá er nýtingarstuðull fyrir flugvelli yfirleitt byggður á a.m.k 5 ára veðurfarslegum upplýsingum, sem eru fyrst og fremst vindupplýsingar, en einnig er að jafnaði tekið mið af skyggni og jafnvel skýjahæð. Ef ekki er talið unnt að safna gögnum í svo langan tíma, er stundum hægt að tengja við aðrar nærliggjandi stöðvar og mynda þannig líkleg gildi lengra aftur í tímann fyrir viðkomandi stöð. Á þessu svæði eru t.d. sjálfvirkar stöðvar Veðurstofunnar í Bolungarvík (frá 1999) og í Æðey (frá 2012), ásamt stöðvum Isavia á Ísafjarðarflugvelli annars vegar og í Arnarnesi hins vegar.

Nauðsynlegt verður að gera rannsóknir á því hvort að hægt sé að fljúga blindflug að mynni Skutulsfjarðar en Isavia hefur ekki lagt af stað með það verkefni sem þarf að fjármagna sérstaklega.

### 3. Reykjanes í innanverðu Ísafjarðardjúpi

Reykjanesið býður uppá betri flugaðstæður og auðveldara aðflug en ókosturinn er fjarlægð frá helstu byggðakjörnum.

Félagið er tilbúið að mæta á fund nefndarinnar til að fara yfir þessar ábendingar og svara frekari spurningum ef óskað er.

F.h. Isavia ohf.

Með kveðju,

**Karl Alvarsson**

Yfirlögfræðingur / General Counsel, LLM